

Umhverfisráðuneytið  
Sigurður Þráinsson  
deildarstjóri  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 01. júní 2006  
2006050027/42-8  
SB/rsb

## Varðandi umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um rannsóknarleyfi við Hagavatn og Hagavatnsvirkjun

Vísað er til bréfs umhverfisráðuneytisins dags 19. maí sl. Í bréfinu er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi iðnaðarráðuneytisins þar sem farið er fram á rannsóknarleyfi fyrir Orkuveitu Reykjavíkur við Hagavatn vegna Hagavatnsvirkjunar.

Með bréfinu fylgdi umsókn frá Hönnun dags 28. apríl sl. (Hagavatnsvirkjun - umsókn um rannsóknarleyfi), bréf Landgræðslunnar til Orkuveitu Reykjavíkur, dags 13. október sl. og bréf Bláskógabyggðar til Orkuveitunnar, dags 20. apríl 2005. Auk framangreindra gagna kannaði Náttúrufræðistofnun úrskurð Skipulagsstjóra um landgræðsluframkvæmdir við Hagavatn (25. júlí 1996) og úrskurð umhverfisráðuneytisins um sama mál (25. febrúar 1997).

Í erindi Orkuveitunnar kemur fram að ætlunin sé að kanna hagkvæmni þess að byggja og reka vatnsaflsvirkjun við Hagavatn en sú virkjun felst í því að virkja útfall vatnsins (Farið), hækka yfirborð þess og nota það sem miðlun fyrir allt að 40 MW virkjun. Einnig sé ætlun með rannsóknum að kanna hvort saman geti farið stöðvun sandfoks á svæðinu og raforkuframleiðsla.

Skipulagsstjóri ríkisins féllst á sínum tíma á að heimila stækkun Hagavatns til að draga úr sandfoki á svæðinu eftir erindi þar að lútandi frá Landgræðslu ríkisins. Umhverfisráðuneytið hnekkti þeim úrskurði í ársbyrjun 1997 og úrskurðaði framkvæmdina í frekara umhverfismat eftir þágildandi lögum. Að mati ráðuneytisins lágu ekki fyrir rannsóknir sem studdu þá fullyrðingu að sandfokið á svæðinu mætti rekja til uppþornaðra vatnsbotna Hagavatns og Sandvatns hins forna frekar en til nærliggjandi svæða suður og suðvestur af Hagavatni. Í fyrrgreindri umsókn Hönnunar um rannsóknarleyfi er vikið að úrskurði Skipulagsstjóra en af einhverjum ástæðum er ekki greint frá lyktum málsins hjá umhverfisráðuneytinu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar hafa ekki komið fram nein gögn sem hnekkt hafa efnislegri niðurstöðu ráðuneytisins frá 1997 í fyrrnefndu máli. Það er því enn ósannað að stækkun Hagavatns sé réttlætanager leið til að hefta sandfok á svæðinu, eins og virðist gengið út frá í bréfi Landgræðslunnar og umsókn Hönnunar. Náttúrufræðistofnun tekur undir ábendingu Landgræðslunnar að verði Hagavatn notað sem miðlunarhlóan þá muni leirfok úr botninum aukast

seinni part vetrar og fyrri part sumars þegar vatnsborð hefur lækkað vegna miðlunar.

Náttúrufræðistofnun fellst ekki á þá skoðun Landgræðslunnar, að órannsókuðu máli, að unnt verði að nota uppgræðslu og aðrar aðgerðir sem nú er verið að þróa við Háslón til að bregðast við foki við Hagavatn. Umhverfisaðstæður eru afar ólíkar á þessum tveimur svæðum. Þvert á móti er það mat Náttúrufræðistofnunar að vatnsmiðlun í Hagavatni geti hugsanlega aukið þann uppfoksvanda sem við er að glíma á svæðinu. Þau skilyrði verður því að setja í rannsóknarleyfið að lokið verði nauðsynlegum rannsóknum varðandi sandfok á svæðinu, sbr. úrskurð umhverfissráðuneytisins 25. febrúar 1997, áður en hugað er að breytingum á vatnsborði og virkjun. Leggja ber ríka áherslu á að meta á sannverðugan hátt fok úr stækkuðu Hagavatni með breytilegt vatnsborð eins og stefnt er að með hugsanlegri virkjun Orkuveitunnar.

Náttúrufræðistofnun hefur unnið að jarðfræðirannsóknum á þessu svæði á undanförunum árum og gert þar jarðfræðikort og athuganir á aldri og bergfræði jarðmyndana. Við Farið er eitt af bestu sniðum á landinu til að rannsaka neðri og innri hluta móbergshryggja. Hlífa þarf þessum stað. Næsta nágrenni Hagavatns er merkilegt vegna jarðfræði og er mælt er með því að línur og lagnir verði settar í jörð, verði af virkjun. Rannsóknir hafa verið gerðar fyrir nokkrum áratugum á jökulgörðum sem munu fara á kaf í stækkuðu Hagavatni. Rétt er talið að endurtaka þær rannsóknir með nýrri tækni áður en af stækkun Hagavatns yrði.

Virðingarfyllst

Snorri Baldursson  
aðstoðarforstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS